

49. gr.

58

Fara skal með mál út af brotum á lögum þessum og reglum að hætti opin-
berra mála. 24. apríl

50. gr.

Lög þessi skal prenta á íslenzku, dönsku, þýzku, ensku og frönsku, og svo
mörg eintök, að nægi til að senda umboðsmönnum ríkisins í öðrum löndum.

51. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 33 9. jan. 1935, lög nr. 26 18.
febr. 1943, lög nr. 47 16. marz 1951, lög nr. 11 29. jan. 1952, svo og öll þau lagaákvæði,
sem brjóta í bága við þessi lög.

52. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1954.

Ólafur Thors. Jörundur Brynjólfsson. Árni Tryggvason.
(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

59

um brunatryggingar utan Reykjavíkur. 24. apríl

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki
voru:

1. gr.

Bæjar- og sveitarstjórnnum utan Reykjavíkur er heimilt frá 15. okt. 1955 að
semja við eitt váttryggingarfélag eða fleiri um brunatryggingar á þeim húseignum
í umdæmi sínu, sem tryggingarskyldar eru samkv. 2. gr.

Tekjur váttryggingarfélags af starfsemi samkvæmt samningi um slíkar trygg-
ingar eru undanþegnar sköttum til bæjar- og sveitarsjóðs og ríkissjóðs.

2. gr.

Skyllt er að tryggja gegn eldsvoða hjá þeim, sem brunatryggingar annast samkv.
1. gr., allar húseignir utan Reykjavíkur, nema gripahús, hlöður og geymsluhús
á sveitabæjum, enda séu þau ekki áföst íbúðarhúsum, svo að þau megi teljast vera
í óaðgreinanlegri brunahættu með þeim. Hús í smíðum skal einnig tryggja, og fer
um tryggingarupphæð þeirra á hverjum tíma eftir samkomulagi milli eiganda og
váttryggingarfélagsins.

3. gr.

Váttryggingarupphæð húsa, sem lög þessi ná til, annarra en húsa í smíðum,
skal nema fullu verði þeirra eftir virðingu dómkvaddra manna. Bæjar- eða sveit-
arstjórn hver skal hafa eftirlit með virðingargerðum húsa í umdæmi sínu, og ber
hún á hverjum tíma ábyrgð á, að váttryggingum sé haldið við og ný hús metin og
váttryggð þegar eftir að byggingu þeirra er lokið eða þau tekin til íbúðar.

59 Breyta skal árlega váttryggingarverði húsa til samræmis við vísitölu byggingar-
24. apríl kostnaðar.

4. gr.

Iðgjöld af húseignum í skyldutryggingu hvíla sem lögveð á eignunum sjálfum og ganga í tvö ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum, sem á þeim hvíla, nema sköttum til ríkissjóðs.

Séu gjöldin eigi greidd innan sex mánaða frá gjalddaga, er heimilt að láta selja hina váttryggðu eign á uppboði, án undanfarins dóms, sáttar eða lögtaks, en tilkynna skal váttryggjanda í ábyrgðarbréfi eða á annan öruggan hátt, að sölu hafi verið beiðzt. Á sama hátt skal uppboðshaldari aðvara eiganda með tveggja vikna fyrirvara, áður en hann sendir söluauglýsingu til birtingar.

Uppboðið skal auglýst einu sinni í Lögbirtingablaðinu. Má sala ekki fara fram fyrir en 6 vikum eftir birtingu auglýsingarinnar.

Virðingargjöld má heimta með lögtaki.

5. gr.

Sameinað Alþingi kýs hlutfallskosningu fimm manna nefnd til þess að endurskoða lög um Brunabótafélag Íslands og önnur lagafyrirmæli um brunamál utan Reykjavíkur. Nefndin kýs sér formann og skal í starfi sínu hafa samráð við forstjóra Brunabótafélags Íslands. Nefndin skal ljúka störfum það snemma, að unnt verði að leggja frv. um þetta efni fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Lög þessi öðlast þegar gildi. 6. gr.

Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1954.

Ólafur Thors. Jörundur Brynjólfsson. Árni Tryggvason.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

60

24. apríl

L Ö G

um heimild handa ríkisstjórninni til öflunar lánsfjár til smáíbúðabygginga.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka að láni allt að 20 milljónum króna innanlands og endurlána fé þetta lánadeild smáíbúðarhúsa með sömu kjörum og lánið er tekið.

Lög þessi öðlast þegar gildi. 2. gr.

Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1954.

Ólafur Thors. Jörundur Brynjólfsson. Árni Tryggvason.

(L. S.)

Skúli Guðmundsson.